

Reglur um niðurgreiðslu til dagforeldra

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur fræðslu- og frístundasviðs til dagforeldra í Sveitarfélaginu Hornafirði sem sinna daggæslu í heimahúsi.

1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir mánaðarlega, í allt að ellefu mánuði á ári, framlag til dagforeldris vegna dvalar barna með lögheimili í sveitarfélaginu. Er framlaginu ætlað að koma til lækkunar á gjaldskrá til foreldra. Greiðslur geta hafist í þeim mánuði er barn nær 12 mánaða aldri.

2. gr.

Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu. Ef um fulla vistun er að ræða (8 klst. á dag) er niðurgreiðslan 65.000 kr. fyrir fólk í sambúð og 85.000 kr. fyrir einhleypa foreldra.

Upphæðin endurskoðast árlega samhliða endurskoðun á öðrum gjaldskrá.

3. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir niður daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum og að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Foreldrar viðkomandi barns verða að hafa lögheimili í sveitarfélaginu.
2. Dagforeldri ber að hafa leyfi til daggæslu frá velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar og gilda slysatryggingu.
3. Að foreldri sé ekki í fæðingarorlofi og fái ekki vistun fyrir barnið á leikskóla.
4. Að foreldri hafi sótt um niðurgreiðslu vegna daggæslu í heimahúsum í gegnum íbúagátt.

4. gr.

Ef öll skilyrði eru uppfyllt skal gerður þríhliða dvalarsamningur milli foreldris, dagforeldris og fræðslu- og frístundasviðs. Skal dvalarsamning skilað inn við upphaf daggæslu og er það forsenda þess að niðurgreiðslur berist til dagforeldris.

Ef breytingar verða á dvalartíma barns þarf að fylla út sérstaka breytingarumsókn. Breytingarumsóknir skulu berast fyrir 20. hvers mánaðar. Ef gögn berast eftir þann tíma verða greiðslur og leiðréttingar í samræmi við innsend gögn afgreiddar um næstur mánaðamót eftir það.

5. gr.

Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó að umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki sótt um.

6. gr.

Greiðslur eru inntar af hendi 1.-5. virka dag mánaðar skv. reikningi frá dagforeldri og berast greiðslur til dagforeldra fyrir fram.

Daggæsla er niðurgreidd 11 mánuði á ári en ekki er greitt niður með börnum af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

7. gr.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu á daggæslu er að foreldrar hafi sótt um leikskólavistun. Þjóðist foreldri/foreldrum barns sem hefur náð 12 mánaða aldri heils dags vistun á leikskóla fyrir barnið ber þeim að taka plássíð, að öðrum kosti falla niðurgreiðslur niður.

8. gr.

Systkinaafsláttur er samræmdur milli daggæslu í heimahúsi, leikskóla og lengdrar viðveru í Kátakoti skv. gjaldskrá Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Til að eiga rétt á systkinaafslætti þurfa börn að vera skráð á kennitölu sama greiðanda og með sameiginlegt lögheimili. Afslátturinn reiknast á elsta barnið.

Veittur er systkinaafsláttur, 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni.

Ef systkini eru bæði hjá dagforeldri, er greidd uppbót á niðurgreiðslu til dagforeldris sem samsvarar niðurgreiðslu á leikskóla.

9. gr.

Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn hefur grunnskólagöngu.

1. Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Ákvörðun um tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er í höndum starfsmanna velferðarsviðs.
2. Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma annarra barna í daggæslunni.

Heimilt er að greiða niður daggæslu barna í 1. -3. bekk grunnskóla, í heimahúsi ef um er að ræða börn einstæðra foreldra eða fjölskyldur í félagslegum erfiðleikum. Foreldrum ber þó fyrst að kanna möguleikann á lengdri viðveru grunnskólanna.

10. gr.

Fræðslu- og frístundanevnd auglýsir að lágmarki árlega rétt foreldra til niðurgreiðslna daggæslu hjá dagforeldri.

11. gr.

Dagforeldri með hæstan samfelldan starfsaldur, er tryggðar niðurgreiðslur sem svarar þremur börnum á mánuði ef ekki er nægilegt framboð barna í daggæslu í heimahúsi tímabundið. Greiðslur þessar falla niður ef dagforeldrar sem hafa laus pláss synja börnum um vistun. Fræðslu- og frístundanevnd tekur ákvörðun um slíka niðurfellingu.

12. gr.

Ákvörðunum starfsmanna fræðslu- og frístundasviðs er hægt að skjóta til fræðslu- og frístundanevndar.

Samþykkt á fundi bæjastjórnar 14. september 2022

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri